

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 87/2006

frá 7. júlí 2006

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2006 frá 2. júní 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 23a (tilskipun ráðsins 92/121/EBE, brottfallin) í IX. viðauka við samninginn:

„23b. **32005 L 0060**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (Stjtið. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í stað d-liðar 5. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„svik sem teljast að minnsta kosti alvarleg, varða fjárhagsmuni Evrópubandaganna og fela í sér:

- a) að því er varðar gjöld, hvað sem gert er eða látið ógert af ásettu ráði og tengist því:
 - að nota eða leggja fram staðhæfingar eða skjöl með röngum, misvísandi eða ófullkomnum upplýsingum og ná þannig til sín eða halda eftir með óréttmætum hætti fjármunum úr almennum sjóðum Evrópubandaganna eða sjóðum sem Evrópubandalögin stýra eða láta stýra fyrir sig;
 - að halda upplýsingum leyndum í trássi við tiltekna upplýsingaskyldu, með sömu afleiðingum;
 - að misnota slíka fjármuni með því að nota þá í öðrum tilgangi en þeim sem þeir voru upprunalega veittir í;

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 7, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 44, 7.9.2006, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15.

- b) að því er varðar tekjur, eins og þær eru skilgreindar í ákvörðun ráðsins frá 29. september 2000 um skipulag á eigin tekjum bandalagsins ⁽³⁾ hvað sem gert er eða látið ógert af ásettu ráði og tengist því:
- að nota eða leggja fram staðhæfingar eða skjöl með röngum, misvísandi eða ófullkomnum upplýsingum og draga þannig með ólögætum hætti fé úr almennum sjóðum Evrópubandalaganna eða sjóðum sem Evrópubandalögin stýra eða láta stýra fyrir sig;
 - að halda upplýsingum leyndum í trássi við tiltekna upplýsingaskyldu, með sömu afleiðingum;
 - að misnota löglega fengna fjármuni, með sömu afleiðingum.

Svik skulu teljast alvarleg ef meiri fjármunir eru í húfi en tiltekin lágmarksfjárhæð sem ekki skal vera hærri en 50 000 evrur.“““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/60/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. júlí 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 253, 7.10.2000, bls. 42.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila
vegna ákvörðunar nr. 87/2006 um að fella tilskipun 2005/60/EB inn í EES-samninginn**

„Að því er varðar tilskipun 2005/60/EB vísa samningsaðilar til þess að þrátt fyrir tilvísanir til lagagerða, sem varða löggæslu- og réttarsamstarf í glæpamálum, ríkir sá skilningur að löggæslu- og réttarsamstarf í glæpamálum (VI. bólkur EB-sáttmálans) fellur ekki undir EES-samninginn.

Að því er varðar upptöku tilskipunar 2005/60/EB í EES-samninginn vísa samningsaðilar jafnframt til yfirlýsingar framkvæmdastjórnarinnar, sameiginlegrar yfirlýsingar EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES-samningnum og sameiginlegrar yfirlýsingar samningsaðila, sem fylgja ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2003 frá 11. ágúst 2003, og hafa hliðsjón af þeim.“